

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, blandað svæði í landi Grafar, Flúðum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. febrúar 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 frá 20. desember 2005.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði og óbyggt svæði í landi Grafar, Flúðum, breytist í 6,4 ha svæði fyrir íbúðir og þjónustustofnanir. Þar er fyrirhuguð uppbygging heilsustofnunar. Þéttleiki á svæðinu breytist úr 9-11 íbúðum/ha í 25-33 íbúðir/ha. Göngustígur færist til norðausturs.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. febrúar 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.